

Til: Hafnarfjarðarbær, skipulagssvið.  
Frá: Þorbjörn I. Stefánsson f.h. lóðarhafa Hverfisgötu 49 Hfj.  
Efni: Umsókn um deiliskipulagsbreytingu, framhald af umsókn um lóðarstækkun fyrir Hverfisgötu 49, sjá að neðan.

Á fundi bæjarráðs þann 12.3.20 var eftifarandi bókað (liður/málsnr.: **11. 1706152**):

*"Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti umbeðna lóðarstækkun en bendir á að vinna þarf tillögu að breytingu á deiliskipulagi þar sem gert verði ráð fyrir umræddri stækkun lóðar."*

Erindið hefur áður verið samþykkt í bæjarráði, þann 4.7.2020. Í framhaldi af því var unnið nýtt mæliblað sem hér sést í pdf skjali (glugginn eftir deiliskbreytingu).

Nú er þess óskað að deiliskipulagi sé breytt m.t.t. þessara samþykktta og skikinn merktur "Lóðarstækkun" sem er norðan við Hverfisgötu 49 – lóðinni verði sameinaður við Hverfisgötu 49.

Leyfilegt byggingamagn: Ekki er farið fram á meira byggingamagn en þegar er heimilað og staðsetning á því haldist óbreytt. Núverandi byggingamagn:

**Gamla húsið: 145.1m<sup>2</sup> Bílskúr (óbyggður): 30m,2      Samtals: 175.3m<sup>2</sup>**

Skv. Núverandi skipulagi (Miðbær hraun vestur) er núverandi lóð 289,1m<sup>2</sup>.

Lóðarstækkunin er 223,8m<sup>2</sup>. Þannig verður sameinu lóð 289,1 + 223,8 = 512,9m<sup>2</sup>

**Nýtingahlutfall lækkar: Er 0,61 skv. Núverandi skipulagi en verður: 175,3 / 512,9m<sup>2</sup> = 0,34**

ÞANNIG ERU ENGIN GRENNNDARÁHRIF

Ath.: eftifarandi er tekið orðrétt úr grenndarkynningunni sem fram fór vegna sama máls (bréfi sent til aðliggjandi lóðarhafa) dags. **18.12.2019:**

*"Í bókun skipulags- og byggingaráði 17.12. 2019:*

*"Skipulags- og byggingaráð samþykkir að grenndarkynna fyrirhugaða lóðarstækkun og hugsanlega breytingu á deiliskipulagi á kostnað umsækjanda í kjölfar þess með vísan til 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010."*

Á meðfylgjandi mæliblaði kemur fram tillaga að lóðarstækkun þeirri sem um ræðir ásamt vköð um aðgengi um lóðina að vitanum.

*Tillagan er grenndarkynnt frá 20.12.2019 til 17.01.2020."*

Af þessu sést að grenndarkynningin náði einnig yfir "hugsanlega breyting á deiliskipulagi" og þarf því ekki að endurtaka.

Ekki er óskað frekari breytinga og að öðru leiti er vísað í meðfylgjandi mæliblað.